

**11. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
30. apríl 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Kristinn Pétursson varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

- 1. 1411071 - Framkvæmdaáætlun 2015 - ráðstöfun fjármuna**
Framkvæmdaáætlun 2015 var kynnt á opnum fundi.
- 2. 1504136 - Leiksvæði í Skógarhverfi**
*Tölvupóstur Hrannars Haukssonar 27. apríl s.l. varðandi leiksvæðið í Skógarhverfi 1. áfanga.
Skipulags- og umhverfisráð þakkar góðar ábendingar og felur garðyrkjustjóra að boða fulltrúa hverfisráðs til fundar við skipulags- og umhverfisráð.*
- 3. 1504138 - Vorhreinsun 3. flokks ÍA**
Skipulags- og umhverfisráð felur garðyrkjustjóra að stýra verkefninu.
- 4. 1503274 - Brekkubraut 21, endurnýjun lóðaleigusamnings.**
*Umsókn um endurnýjun á lóðaleigusamningi.
Málið kynnt.*
- 5. 1503230 - Styrkir vegna / viðhald fasteigna 2015**
Umsóknir lagðar fram. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gera frekari samantekt um þær og leggja fyrir fulltrúa ráðsins.
- 6. 1501399 - Deilisk.- Breiðarsvæði lóðir HB Granda hf.**
Staða mála kynnt.
- 7. 1504140 - Deilisk. - Breiðarsvæði, Hafnarbraut 3**
*Ósk um breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis vegna lóðar við Hafnarbraut 3. Breytingin felst í að setja nýjan búnað (eimsvala) á þak Hafnarbrautar 3, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.
Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynna deiliskipulagið samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna á fyrir eigendum húsa við Suðurgötu 10, 16, 17 og 18, eigendum húsa við Háteig 10, 12, 14 og 16.*

8. 1409087 - Gjaldskrá skipulags- og byggingarmála 2014

Tillaga að breytingu á gjaldskrá.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að vísa drögum að gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald og stofngjald fráveitu, gjaldskrá skipulags- og byggingarmála og tengd þjónustugjöld, auk reglna um lóðaveitingar til bæjarráðs. Ekki er tekin afstaða til hækunar eða lækkunar gjalda í ofangreindum gjaldskrám.

9. 1501126 - Sorphirða - framlenging á samningi

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að óskað verði eftir áframhaldandi samstarfi við núverandi samstarfssveitarfélög um sorpmál.

10. 0805048 - Jaðarsbakkar 1, umsókn um sundlaug og sundlaugarhús

Hugmyndir ASK arkitekta að stækkan svæðisins frá 2008 kynntar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.

Einar Bráður
Rúkell Óskarsbættir
Kristinn P.
Valgerður Soffia Þórssen
Sigrún Þ. Harðarson
Karinus Jónsdóttir
Ladur Sigurðsson.